

Reykjavík, 3. maí 2019

Niðurstaða athugunar á eftirlitsaðgerðum tengdum lánaferli

Fjármálaeftirlitið hóf athugun í lok aprílmánaðar 2018 á eftirlitsaðgerðum tengdum lánaferli Arion banka hf. Meginmarkmið athugunarinnar var að fá yfirsýn yfir verklag og verkferla sem snúa að lánveitingum og eftirfylgni bankans með þeim. Jafnframt var kannað hvort hlutverkaskipting væri skýr á milli varnarlína 1 og 2.

Við skoðun á virkni eftirlits í varnarlínu 1 var kannað hvort sú viðskiptaeyning sem stofnar til áhættu beri jafnframt ábyrgð á eftirliti og eftirfylgni með henni í samræmi við 17. gr. og 78. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki (fftl.), sbr. einnig viðmiðunarreglur EBA um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja. Í því sambandi var kannað með hvaða hætti fylgst væri með mati á tryggingum, kvöðum, atvikum sem koma upp og greiðslugetu lánþega til að standa við skuldbindingar á líftíma láns. Þá var skoðað hvort bankinn væri nægjanlega framsýnn (e. forward looking) í samræmi við viðmiðunarreglur EBA um skilgreiningu á vanefndum ef vafi leikur á greiðsluhæfi lánþega. Við yfirferð var stuðst við innri reglur og verkferla bankans samhliða úrtaki þriggja lántaka (lögaðila).

Við skoðun á virkni eftirlits í varnarlínu 2 var kannað hvort áhættustýring hafi sannreynt virkni eftirlits í varnarlínu 1 í samræmi við 17. gr. fttl., sbr. einnig viðmiðunarreglur EBA um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja. Í því sambandi voru verkefni áhættustýringar sem tengjast eftirliti með varnarlínu 1 skoðuð.

Niðurstaða athugunarinnar lá fyrir í mars 2019 og er byggð á gögnum og upplýsingum miðað við stöðuna eins og hún var á þeim tíma sem athugunin hófst.

Helstu niðurstöður voru þær að bankinn þarf að bæta verklag sem tengist ákveðnum eftirlitsaðgerðum innan fyrstu og annarrar varnarlínu bankans, auk þess sem bankinn þarf að skerpa á innri reglum er tengjast eftirliti með útlánnum.

Fjármálaeftirlitið gerði kröfur um að Arion banki hf. gerði viðeigandi úrbætur vegna þeirra athugasemda sem gerðar voru í athuguninni. Óskað var eftir því að innri endurskoðandi bankans framkvæmdi úttekt á úrbótum og skili Fjármálaeftirlitinu greinargerð í kjölfarið.